

„Vísir kaffið gerir alla glaða“

Dagblaðaauglýsingar í dymbilviku í hundrað ár

Í þessu verkefni er skoðað hvað auglýst hefur verið í íslenskum dagblöðum í dymbilviku í heila öld. Þróun vöruúrvals er skoðuð, orðaval, stíll, tenging við páskahátíðina og margt fleira. Úr auglýsingum má lesa margt um samfélagið. Og þó ekki sé kafað mjög djúpt í þessu litla verkefni, má samt sem áður finna þar glugga inn í horfinn heim, sem speglar á margan hátt okkar nútímalíf.

Þjargir

Dagatöl 1901–2013

1910

Ísafold
Norðurland
Þjóðólfur
Reykjavík

1920

Skeggi
Morgunblaðið
Vísir
Austurland

1930

Morgunblaðið
Vísir
Skutull

1940

Vísir
Morgunblaðið
Alþýðublaðið



1950

Þjóðviljinn
Vísir
Morgunblaðið
Víðir

1960

Morgunblaðið
Alþýðublaðið
Tíminn
Vísir
Dagur

1970

Tíminn
Vísir
Morgunblaðið
Íslendingur – Ísafold

1980

Helgarpósturinn
Morgunblaðið
Vísir
Vísir – páskaeggjagrein

1990

Dagur
Pressan
DV

2000

Morgunblaðið
DV
Dagur

2010

Fréttablaðið
Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu

Auk þess þarf að hafa nokkur ný dagblöð við höndina.



Verkefni

1910–1920

Ræðið í bekknum eða í minni hópum

1. Skoðið auglýsingar í blöðum frá 1910 og 1920. Hvað er það fyrsta sem þið takið eftir?
2. Hvaða vörur væri ekki hægt að auglýsa í íslenskum dagblöðum í dag? Hvers vegna ekki?
3. Hvaða vöruflokkar eru mest auglýstir?
4. Skoðið auglýsingar í blöðum frá 1910 og 1920. Hver finnst ykkur líkust auglýsingum nútímans? Hvaða auglýsing finnst ykkur ólíkust? Rökstyðjið valið.

Svarið skriflega

5. Skoðið auglýsingar í blöðum frá 1910 og 1920. Finnið þið einhver orð sem þið skiljið ekki? Skrifid þau niður og reynið að komast að því hvað þau merkja. Til dæmis með hjálp orðabóka, netsins og kennara.
6. Skoðið auglýsingar í blöðum frá 1910 og 1920. Í þeim er töluvert af orðum sem eru stafsett öðruvísi en gert er í dag. Reynið að finna eins mörg af þessum orðum og þið getið og skrifið þau niður. Berið listana saman við lista sessunautanna.
7. Skrifid niður nákvæmlega hvaða vörur eru auglýstar í blöðum árið 1910. Merkið sérstaklega þær sem eru tengdar páskum. Notum við þessa hluti í dag? Hverja og hverja ekki? Geymið listann, hann er notaður aftur seinna í verkefninu.
8. Flettið nýlegum dagblöðum og finnið auglýsingu. Hún má gjarnan tengjast páskum en þið getið líka valið eitthvað allt annað. Endurhannið þessa auglýsingu þannig að hún myndi ekki skera sig úr auglýsingum í blöðum frá 1910–1920. Gætið vel að orðavali, stíl, stafsetningu, letri og hugsanlegu skrauti.
9. Setjið allar auglýsingar bekkjarins upp á lítið auglýsingablað. Gætið þess að halda því í stíl blaðanna frá 1910–1920.

1930–1940

Ræðið í bekknum eða í minni hópum

1. Skoðið auglýsingar í blöðum frá 1930. Sjáið þið einhverjar breytingar frá 1910 og 1920. Hverjar þá helstar?
2. Hvaða vöruflokkar eru mest auglýstir? Eru það sömu vörur og frá 1910–1920?
3. Er eitthvað auglýst sem ekki var í blöðunum frá 1910–1920.
4. Árið 1940 er skollin á heimsstyrjöld. Sjást þess einhver merki í auglýsingum blaðanna?
5. Hvaða páskavörur eru auglýstar í blöðum árið 1940? Eru þetta sömu eða svipaðar vörur og auglýstar eru nú? Hvað er líkt og hvað er ólíkt?



6. „Vísis kaffið gerir alla glaða,“ segir í auglýsingu, rétt fyrir páska 1940.

Svona fullyrðingar eru bannaðar í auglýsingum nútímans. Samkvæmt sjöttu grein laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu frá 2005, þurfa fyrirtæki að geta sannað fullyrðingar sem koma fram í auglýsingum. Og það er ansi erfitt að sanna að kaffitegund geri alla glaða.

En mörg fyrirtæki nútímans virðast samt vilja koma nákvæmlega þessum boðskap á framfæri (mín vara og/eða þjónusta gerir alla glaða). Hvernig gera þau það? Finnið dæmi í nýlegum auglýsingum.

1950

Ræðið í bekknum eða í minni hópum

1. Á pálmásunnudegi árið 1950 er auglýsing frá skömmunarstjóra á bls. 3 í Þjóðviljanum. Lesið hana vandlega. Hvað haldið þið að svona skömmun hafi þýtt fyrir almenning annars vegar og kaupmenn hins vegar?
2. Skoðið auglýsingar í blöðum frá 1950. Sjáið þið merki um skömmunina? Ef svo er, hvernig þá?
3. Hvaða vöruflokkar eru mest auglýstir?
4. Hvaða breytingar hafa orðið á auglýsingum í blöðum árið 1950, miðað við áratugin á undan?

1960–1970

Ræðið í bekknum eða í minni hópum

1. Skoðið auglýsingar í blöðum frá 1960 og 1970. Sjáið þið einhverjar breytingar frá áratugnum áður? Hverjar þá helstar?
2. Hvaða vöruflokkar eru mest auglýstir? eru það sömu vörur og árið 1950?
3. Er eitthvað auglýst sem ekki var í blöðunum frá 1950? Hvað þá?
4. Á bls. 11 í Morgunblaðinu 12. apríl 1960 er dömubindauglýsing. Hvað, ef eitthvað, segir hún okkur um samfélagið?

Svarið skriflega

5. Berið saman páskauglýsingar í Vísi frá 1920 og 1970. Hvað eru þær margar miðað við blaðsíðufjölda 1920? En 1970? Af hverju haldið þið að þetta stafi?
6. Finnið páskauglýsingu í nýlegu blaði. Endurhannið hana í stíl auglýsinga frá 1960. Auglýsingin á að vera myndskreytt. Endurhannið þessa auglýsingu þannig að hún skeri sig ekki úr auglýsingum í blöðunum frá 1960. Gætið vel að orðavali, stíl, stafsetningu, lettri og mynd.
7. Setjið allar auglýsingar bekkjarins upp á lítið auglýsingablað. Gætið þess að halda því í stíl blaðanna frá 1960.



1980–1990

Ræðið í bekknum eða í minni hópum

1. Skoðið blöðin frá 1980. Hvaða vöruflokka er mest verið að auglýsa? Hversu margir þeirra tengjast páskum?
2. Eins og lesa má í grein í Vísi, laugardaginn 29. mars 1981, voru páskaegg mjög vinsæl þá sem nú. Samt sjást þau varla auglýst í blöðum. Hver haldið þið að sé ástæða þess?
3. Sjáið þið einhvern mun á auglýsingum 1980 annars vegar og 1990 hins vegar? Hvern þá helst?

2000–2010

Ræðið í bekknum eða í minni hópum

1. Skoðið auglýsingar frá árinu 2000 og berið sama við árið 1990. Hefur eitthvað breyst? Hvað þá helst?
2. Skoðið auglýsingar frá árinu 2010 og berið sama við árið 2000. Hefur eitthvað breyst? Hvað þá helst?

Svarið skriflega

3. Skrifid niður hvaða vörur eru auglýstar í blaðinu árið 2010. Merkið sérstaklega þær sem tengdar eru páskum. Berið listann saman við listann frá 1910. Eru einhverjar vörur á báðum listum?
4. Skoðið listana vandlega. Þarf allt þetta til að halda páskahátíð? Hvað finnst ykkur? Hvað er ómissandi á páskum og hverju má sleppa?
5. Veljið eina auglýsingu úr blöðunum frá 1910 eða 1920. Endurhannið hana og færið til nútímans. Gætið vel að orðavali, myndskreytingum, litum og stíl. Gætið þess að fylgja lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu (það má ekki fullyrða neitt sem ekki er hægt að sanna).
6. Setjið allar auglýsingar bekkjarins upp á lítið auglýsingablað.

Til gamans

Páskaegg eru ein vinsælasta söluvara páskanna.
Hér eru tvær mjög gamlar páskaeggjauglýsingar.

Frá 1913
1914

